

Fundargerð 2. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar 2. nóvember 2006 kl. 15:30.

Mættir:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Stefán Þórarinsson, meðstjórnandi
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirtalin mál voru tekin fyrir á fundinum.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Stjórnarformaður lagði fyrir fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Þjónustusamningur við íslenska ríkið

Stjórnin ítrekaði mikilvægi þess að þjónustusamningurinn kæmist í gangið sem allra fyrst þannig að formlegar heimildir lægju fyrir til að hefja megi þau verkefni sem fyrir liggja. Einnig taldi stjórnin mikilvægt að hlutverkaskipting aðila á svæðinu væri skýr.

3. Umræða um þær hugmyndir sem fram hafa komið um nýtingu svæðisins.

Listi verður útbúinn og uppfærður reglulega með þeim hugmyndum sem fram koma um nýtingu svæðisins. Stjórnin telur mikilvægt að meta þær hugmyndir sem fyrir liggja sem allra fyrst þannig að starfsemi fari sem fyrst í gang á svæðinu.

4. Önnur mál

Magnús lagði fram tillögur undir liðnum önnur mál um að veitt yrði prókúra bæði framkvæmdastjóra Kjartani Eiríkssyni og stjórnarformanni Magnúsi Gunnarssyni. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ennfremur lagði stjórnin áherslu á mikilvægi þess að klára öll formsatriði þannig að hægt verði að einbeita sér að þeim verkefnum sem framundan eru.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:50